



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 30. júlí 2013 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 16<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Baldur Magnússon, Valdimar Jón Björnsson, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Leiga á Bjarmanesi

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um að leigja Bjarmanes skv. auglýsingu sem birt var í byrjun júlí þar sem auglýst var eftir umsóknum um að leigja og reka Kaffi-og menningarhúsið Bjarmanes sem heilsárs starfsemi.

Umsækjendur voru Áslaug Ottósdóttir annarsveggar og Sigrúnu Rakel Tryggvadóttir og María Ösp Ómarsdóttir hinsveggar.

Báðir umsækjendur gera grein fyrir hugmyndum sínum í þeim umsóknum sem þeir sendu inn. Sveitarstjóra falið að ræða við Áslaugu Ottósdóttur um leigu til eins árs.

### 2. Óveruleg breyting á aðalskipulagi

Fyrir fundinum lá greinargerð og uppdráttir um óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022 þar sem gerð er breyting á uppdrátti á legu stofnpípu hitaveitu þar sem stofnpípan kemur austar en fram kemur í samþykktu aðalskipulagi. Sveitarstjórn samþykkti að gera umrædda, óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Einungis er gerð breyting á uppdrátti þar sem er breytt legu stofnæðar hitaveitu. Ný lega stofnlagnar hefur engin áhrif nema helst til bóta fyrir allt skipulag og byggð framtíðar. Í stað þess að hitaveitulögnin liggja um svæði sem er skilgreint sem óbyggt svæði liggur hún um opið svæði til sérstakra nota. Notkun í dag er með þeim hætti að í báðum tilfellum færi stofnlögn um svokölluð ræktunarlönd, tún sem sveitarfélagið leigir til frístundabænda og í leigusamningum er ákvæði um að sveitarstjórn geti lagt lagnir um hið leigða land. Breytt lega þýðir að óbyggða landið er í framtíðinni miklu líklegra til að verða skipulagt fyrir einhverskonar byggingar á næstu áratugum heldur en opið svæði til sérstakra nota sem stofnlögnin mun liggja um.



### 3. Önnur mál:

- a) Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins – staðfesting sáttar í málinu.

Sveitarstjórn tók fyrir sátt um eignarréttarlega stöðu Almennings á Skagaheiði sem var tekin fyrir 17. júlí 2013 hjá óbyggðanefnd (mál nr. 1/2013, Skagi).

Undir rekstri málsins upplýstu lögmenn málsaðila óbyggðanefnd um að leitast væri við að setta ágreining um Almenning á Skagaheiði og óskuðu eftir aðkomu óbyggðanefndar að því ferli. Sáttaumleitarnir leiddu til þeirrar niðurstöðu að íslenska ríkið annars vegar og Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd hins vegar gerðu með sér sátt um Almenningin sem Þjóðlendu með þeim skilmálum að um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fari eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, þar sem fram kemur að upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðeiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt. Einnig ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsvæði, þar sem fram kemur að þeim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Á það bæði við um straumvötn og stöðuvötn, sbr. 43. tölulið 3. gr. sömu laga.

Auk framangreindra atriða tók sveitarstjórn tillit til þess að í ferli málsins var gefið út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumanns á Blönduósi og á Sauðárkróki, frá 15. apríl til og með 15. maí 2013, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. maí 2013. Framangreind kynningargögn voru jafnframt auglýst aðgengileg á skrifstofu viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fyrir fundi sveitarstjórnar lá sáttargjörð um málið sem hafði verið undirrituð af Ólafi Björnssyni hrl. fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna þeirra. Einnig lá fyrir fundinum uppdráttur af Almenningi á Skaga sem um er að ræða sem þjóðlendu.



Sveitarstjórn fór yfir framantalin gögn en samþykkti síðan fyrirbyggjandi sátt með 5 samhljóða atkvæðum og fól sveitarstjóra að staðfesta sáttina með undirritun.

b) Grunnskólinn:

Fyrir var tekið erindi skólastjóra um heimild til ráðningar í 30% stöðuhlutfall vegna frístundavers. Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti erindið.

Fyrir var tekið erindi skólastjóra um heimild til að setja af stað verkefni vegna samskipta nemendahópa í skólanum. Erindið var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17<sup>30</sup>

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Baldur Magnússon

Valdimar Jón Björnsson,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson